



Garðabær 8. september 2022

### Efni: Borgarfjörður eystri, sjóvarnir 2022

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdarleyfi til sveitarfélagsins Múlaþings skv. 13. málsgrein skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 fyrir neðangreind verk.

Helstu verkþættir eru:


1. Við gömlu bryggju, um 140 m endurbygging og styrking sjóvarnar við við gömlu bryggjuna á Borgarfirði. Áætlað grjótmagn úr námu um 3.500 m<sup>3</sup>.upptekt og endurröðun um 1.000 m<sup>3</sup>.
2. Í Njarðvík, um 270 m gerð sjóvarnar í Njarðvík. Áætlað grjótmagn úr námu um 3.500 m<sup>3</sup>.
3. Heimild til efnistöku í námu við Vatnsskarð fyrir verkið í Njarðvík.
4. Heimild til efnistöku í námu í landi Óss fyrir verkið við gömlu bryggju.

Vegagerðin hefur unnið að útfærslu sjóvarnargarða í samráði við Múlaþing. Óskað er eftir að Sveitarfélagið Múlaþing staðfesti að Vegagerðin hafi heimild til að ráðast í ofangreindar framkvæmdir og gengið verði úr skugga um að þær samrýmist skipulagi.

Sjóvarnirnar voru ákvarðaðar og teknar inn í samgönguáætlun í samráði við ykkur og samkvæmt erindi sem barst frá sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar



Pétur Sveinbjörnsson